

Kolviður

Stjórnarfundur

Fundargerð

1. fundur ársins 2017

30. október 2017, kl. 12:00 í Þórunnartúni 6

Mætt: Einar Gunnarsson (Skógræktarfélagi Íslands), Guðmundur Ingi Guðbrandsson (Landvernd), Jónatan Garðarsson (Skógræktarfélagi Íslands) og Reynir Kristinsson (formaður Kolviðar). Anna G. Sverrisdóttir (Landvernd) boðaði forföll.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Síðasti fundur var haldinn 28. nóvember 2016. Nokkrir stefnumótunarfundir voru á árinu.

2. Breytingar á stjórn Kolviðar

Jónatan Garðarsson formaður SÍ kemur inn í stað Magnúsar Gunnarssonar og Snorri Baldursson í stað Önnu G. Sverrisdóttur. Magnúsi og Önnu eru þökkuð góð störf í þágu Kolviðar. EG falið að tilkynna þetta til ríkisskattstjóra og breyta þessu á heimasíðu sjóðsins.

3. Ársreikningur fyrir árið 2016

Ársreikningur hafði verið sendur út fyrir fundinn. RK fór yfir reikninginn. Reikningurinn var undirritaður af þeim stjórnarmönnum sem voru í stjórn sjóðsins árið 2016 og mættir á fundinn.

4. Stefnumótun Kolviðar

RK greindi frá stöðu stefnumótunarvinnunnar. Stefnt var að því að fá fund með Arnóri Snorrasyni á Mógilsá, en einnig er eftir að ræða nokkur mál er snúa að aðferðum, verkefnum og verðlagningu.

5. Markaðsmál

Tuttuguogníu fyrirtæki eru núna í viðskiptum við Kolvið. Skógrækt ríkisins hefur nú gert samning við Faxaflóahafnir um kolefnisbindingu. Funda þarf með þeim og ræða hvort Sr sé að fara út kolefnisbindingu með fyrirtækjum. Ákveðið að RK biðji um samning Sr og Faxaflóahafna og í framhaldinu að biðja um fund með þeim.

6. Ársfundur

Árin 2013 og 2014 var haldinn ársfundur. RK hefur áhuga á að halda ársfund og kynna stefnumótunina og fá einhverja sérfræðinga til að tala um loftslagstengd málefni. Þetta verður skoðað eftir að stefnumótunin liggur fyrir.

7. Önnur mál

a. Verkefni ársins 2017

Um 80 þúsund plöntur var plantað sem kostuðu rúmar 7 milljónir króna.

b. Samningur við Skógræktarfélag Íslands

Skrifað var undir samning um rætkun og umsjón með Kolviðarskógi í norðurhlíðum Úlfjótuvatns sem fjármagnaður er með kolvefnisjöfnun. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki stjórnar SÍ og Kolviðar. Samningurinn verður sendur út á stjórn Kolviðar og tekinn fyrir á næsta fundi.

c. Heiti Kolviðar á ensku

Fyrirtæki sem selja erlendis hafa beðið um merki Kolviðar á ensku. Vinna þarf merki á ensku.

Fundi slitið kl. 13:25.

Fundargerð ritaði Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Einar Gunnarsson

Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Jónatan Garðarsson

Reynir Kristinsson

Snorri Baldursson